



Dagsetning: 15. ágúst 2025

Málsnúmer: 2508021/5.6.0

Til fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ

***Efni:** Drög að reglum um notendasamninga í kjölfar frumkvæðisathugunar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála (GEV) á reglum sveitarfélagsins í málefnum fatlaðs fólks.*

Þann 29. febrúar 2024 tilkynnti Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) um frumkvæðisathugun á stöðu uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna sveitarfélaga.

Með athugininni var m.a. kannað hvort reglur um notendasamninga væru til staðar í samræmi við ákvæði laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Í niðurstöðum fyrir Fjarðabyggð kom fram að reglur um notendasamninga væru ekki til staðar en í vinnslu og því beindi GEV tilmælum til sveitarfélagsins um að ljúka gerð reglna.

Í kjölfar athugunarinnar hefur verið unnið að drögum að reglum um notendasamninga. Meðfylgjandi minnisblaði fylgja drög sem miða að því að tryggja að sveitarfélagið uppfylli lagaskyldu sína, auka gagnsæi og samræmi í þjónustu og styrkja réttindi og öryggi notenda þjónustunnar.

Undir reglur um notendasamninga falla m.a. reglur um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk sem áður voru sérreglur.

